

HVERFISNEFND HOLTA-OG HLÍÐAHVERFIS

STARFSREGLUR

Hverfisnefnd Holta- og Hlíðahverfis setur sér eftirfarandi starfsreglur vegna starfa sinna. Starfshættir hverfisnefndarinnar byggja einnig á almennum ákvæðum um frjáls félög og fundarsköp. Hlutverk nefndarinnar er að vera vettvangur íbúa Holta-og Hlíðahverfis til að hafa áhrif á nánasta umhverfi sitt s.s. umhverfis og umferðarmál.

Markmið hverfisnefndarinnar

Markmið hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis er að efla samkennd íbúa í hverfinu með því m.a. að standa fyrir hverfishátíð einu sinni á ári og að halda íbúafundi um málefni sem varða hverfið.

Einnig er markmið nefndarinnar að hafa jákvæð áhrif á vellíðan og öryggi íbúanna með því að fylgjast með umhverfis- og umferðarmálum í hverfinu, þrýsta á um umferðaröryggismál, bættu umgengni, umhirðu og fegrun þar sem það á við.

Starfshættir

- Aðalfund skal halda í mars ár hvert og skal til hans boðað með a.m.k. viku fyrirvara.
- Stjórn hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis skal skipuð 5 fulltrúum og þremur til vara, hver kosinn til tveggja ára.
- Hverfisnefnd sér um að velja sér formann og ritara á fyrsta fundi eftir aðalfund.
- Stjórn hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis skal koma saman til fundar a.m.k. 8 sinnum á ári.
- Formaður stjórnar skal sjá um að senda út fundarboð með dagskrá.
- Varamenn skal boða á fundi stjórnar en þeir hafa ekki mætingarskyldu.
- Fundargerðir hverfisnefndar skulu birtar á svæði nefndarinnar á heimasíðu Akureyrarbæjar.
- Hverfisnefnd skal kynna sér skipulagstillögur sem varða hverfið og gera athugasemdir ef þurfa þykir.
- Hverfisnefnd skal halda opinn íbúafund a.m.k. einu sinni á ári. Einnig skal halda íbúafund ef a.m.k. 20 íbúar hverfisins óska þess.
- Stefnt skal að því að halda hverfishátíð einu sinni á ári.

Reglur þessar voru staðfestar á aðalfundi hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis þann 28. mars 2007 og tóku gildi við staðfesting.